

Ed.

91. Breytingartillaga

[17. mál]

við frv. til laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá Helga Seljan, Agli Jónssyni og Stefáni Jónssyni.

Við 2. gr. bætist:

Húsnæðismálastofnun ríkisins skal starfrækja útibú frá stofnuninni á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og eystra, Austurlandi og Suðurlandi. Útibúin veiti alla sömu þjónustu og stofnunin sjálf veitir hvað snertir upplýsingar, teikningar og fyrirgreiðslu hvers konar. Útibúin skulu hafa nána samvinnu við skipulagsskrifstofur landshlutanna eða þjónustumiðstöðvar, er þeim verður komið á.

Afgreiðsla lána skal fara fram hjá útibúum Landsbankans á hverju svæði eða útibúum annars ríkisbanka, og skulu bankaútibúin ganga frá öllum skilmálum og verðtryggingum.